Mánudaginn 24. maí 1993.

Nr. 200/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c- liður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Það athugast, að varnaraðili kærði úrskurð héraðsdóms með bréfi 13. maí 1993, en málið var ekki sent Hæstarétti fyrr en með bréfi héraðsdómara 18. maí, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. maí 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Agnari Víði Bragasyni, kt. 160966-3009, með lögheimili að Brekkulæk 6, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 45 daga, til föstudagsins 25. júní 1993 kl. 16.00.

Sl. nótt handtók lögregla kærða, Agnar Víði, vegna grunar um innbrot og þjófnað úr versluninni Þingholti, Grundarstíg 2 A, Reykjavík. Við yfirheyrslur hjá RLR í morgun þverneitaði kærði að eiga aðild að innbrotunum. Nú eru til rannsóknar hjá RLR þrjú kærumál, sem kærði er grunaður um aðild að. Hinn 6. apríl sl. voru embætti ríkissaksóknara send

rannsóknargögn tveggja kærumála á hendur Agnari Víði fyrir innbrotsþjófnað.

Kærða var veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 350 dögum, 12. nóvember sl. Hann hefur nú undanfarna mánuði margsinnis verið talinn uppvís að hegningarlagabrotum, en brotaferill hans er samfelldur allt frá 1983.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir rétt að taka til greina kröfu RLR um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. júní nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudagsins 25. júní 1993 kl. 16.00.
